

lesbók

Ljóða-
hnífurinn



Eftir Gunnar Hersvein
gunnars@hi.is

! Skynjun er vani, hún er nám og jafnvel siður. Veruleikanum er skipt upp í marga heima og það þarf ljóðahníf til að skera á milli. Hugurinn er ekki óskrifað blað, hann varðveitir leifar kynslóðanna. Hugmyndir eiga sér oft djúpar rætur en þær geta verið trénaðar og það þarf áskorun og hugrekki til að endurskoða þær.

Skynjun mannsins er háð áhuga, markmiðum og væntingum. Námsmaður við skrifborð, sem hefur áhuga á efninu sem hann er að tileinka sér, tekur ef til vill ekki eftir bílaumferðinni fyrir utan gluggann eða hávaðanum frá flugvélinni sem rétt í þessu er að þjóta yfir. Lífið yrði sennilega óbærilegt ef menn tækju eftir öllum boðum skynfæranna og því velur heilinn úr þau áreiti sem virðast koma að gagni en þetta er einnig ókostur.

Athygli er háð þjálfun, innri áhuga og ytri einkennum eins og styrk, stærð, andstæðum og hreyfingu. Hún felst í því að stilla einbeitinguna en það er líka margt sem gerist líkamlega. Höfði er snúið í átt að hljóði, sjáaldur augans glennist upp, hönd er lögð við eyra og útvíkkun æða verður í höfðinu, samdráttur háráða, rafvirkni breytist, hjartsláttur og öndun.

Markmiðið er að grípa áreitið og vera tilbúinn til að bregðast við því en heilinn hefur þróað athyglisgáfuna til að auka líkurnar á því að komast af í þessum viðsjárverða heimi. Heilinn venur sig á eitt og annað – en vani er andstæða listarinnar!

Philip Pullman skrifaði þrjár bækur um Lýru silfurtungu: *Gyllti áttavittin*, *Lúmski hnífurinn* og *Skuggasjónaukinn*. Í þessum skáldskaparheimi er mögulegt að fara á milli heima með því að skera á milli þeirra með (ljóða)hnífnum lúmska. J.F. Rowling sendir Harry Potter á milli heima á lestarstöð. En hvað með okkar heima?

Okkar heimar eru einnig margir og við getum farið á milli þeirra og skeytt þeim saman en við tökum sjaldnast eftir þeim vegna þess að skynjun okkar er föst í viðjum vanans og athyglin beinist iðulega að því sama. Hér þurfum við á listinni að halda!

Heilinn býr yfir sérstöku kerfi til að maðurinn geti án áreynslu valið það úr sem skiptir hann máli. Kerfið er kallað netkerfið (reticular system) og hefur hlutverk gagnvart örvun, athygli, svefni og vöku og er staðsett í heilastofni. Boð berast vanafast frá því upp í framheila sem örva okkur til vöku og eftirtektar eða eiga þátt í að orsaka svefn: andlegan og líkamlegan.

Hlutverk listarinnar er að losa skynjun okkar úr viðjum vanans með því að beina athyglinni annað en venjulega. Hlutverk allra lista er að valda usla, storka fólki og knýja það til að endurskoða skynjun sína á veröldinni.

Listamenn hræra í heimsmyndinni, henda út hefðbundnum gildum og setja önnur í staðinn. Niðurstaðan og skynjunin verður oft ný og athyglinni er beint í óvæntar áttir. Listamenn ná árangri ef verk þeirra kippa fótunum undan því sem oftast er kallað staðreynd, því sem oftast er sagt og heyrist.

Listamenn sem rétta fólki lúmska ljóðahnífa til að skera á milli heima og gera þeim kleift að stíga inn í aðrar veraldir mega eiga von á að minnsta kosti þrenns konar viðbrögðum: aðkasti þeirra sem standa vörð um óbreytta heimsmynd, aðdáun þeirra sem líta á ljóðahnífinn sem nýtt leikfang og loks þakklæti þeirra sem gera tilraun til að nota hnífinn og leyfa skynjun sinni að brotna á hinu óvænta og beina athyglinni annað en oftast.

Hefjum ljóðahnífinn á loft og skerum á milli heimanna sem listin býður okkur.



Morgunblaðið/Kristinn

Slúður eða staðreyndir? Var Davíð Oddsson að boða váleg tíðindi þegar hann talaði um þjóðstjórn?

Ekki fréttir

FJÖLMÍDLAR

Eftir Stefáníu Óskarsdóttur
stefosk@hi.is

Þeir sem segja fréttir á Íslandi standa flesta daga frammi fyrir því vandmáli að afar fátt frétt næmt gerist í okkar litla samfélagi. Þrátt fyrir það þarf þó að fylla fréttatíma og dagblöð og tryggja bæði áhorf og lestur svo rekstur fjölmiðilsins gangi og fréttamenn fái m.a. laun sín greidd. Askorunin er því ekki lítil fyrir fréttamenn. Þetta þýðir að í viðvarandi gúrkutíð eru stundum sagðar ekki-fréttir, þ.e.a.s. fréttir sem hafa ekkert fréttagildi. Mig minnir t.d. að hafa einhverju sinni lesið frétt á baksíðu um mann sem féll af reiðhjóli en slasaðist þó ekki.

Af þessum toga var frétt *Morgunblaðsins* á baksíðu fyrir skemmstu þar sem rifjað var upp hvernig Dorrit forsetafrú og vinir hennar hefðu greitt götu leikhópsins Vesturports í London fyrir nokkrum árum. Inn í blaðinu mátti svo sjá myndir af helstu vinum hennar ásamt fleiri sögum um greiðasemi þeirra. Víst er að þarna kom ekkert nýtt fram. Tæplega var blaðið þó komið í þrot með efni svo sjálfsagt hefur vakað fyrir ritstjórninni að auka fólki bjartsýni í kreppunni því við

» Mitt í þessum hremmingum, þar sem erfitt er að greina á milli slúðurs og staðreynda, slær *Fréttablaðið* því upp á forsíðu að menn hafi tvisvar í þessari viku heyrt Davíð Oddsson segja að þjóðstjórn hefði líklega aldrei átt betur við en nú.

eigum sannarlega víða hauka í horni, eða hvað?

Rýrt upplýsingagildi fréttar af þessu tagi er þó ólíklegt til að vekja mikinn áhuga og skapar lítinn hvata til þess að menn sýni fréttamiðlum almennt áhuga. Í gúrkutíð er það því jafnan nokkur hvalreki fyrir fjölmiðla þegar ósáttur einstaklingur kys að gera upp slík mál upp þar sem allir fjölmiðlar eru ráðamenn í fjölmiðlum. Barátta lítilmagnans við ofurefli er sívinsælt umfjöllunarefni og vekur ávallt sterk viðbrögð. Í hverjum mánuði koma slík mál upp þar sem allir fjölmiðlar keppast um að segja sömu söguna af baráttu einstaklinga við ráðandi öfl. Um daginn sigrðu ljósmæður kerfið en sigrar Jóhann Benediktsson Björn Bjarnason og hvað

um baráttu Jóns Ásgeirs við Davíð Oddsson? Söguþráðurinn er í meginatriðum sífellt hinn sami en hefur þó ólík birtingarform.

Á mánudag gerðust þó afar frétt næmir atburðir. Annar var tilkynning um yfirtöku íslenska ríkisins á stærstum hluta Glitnis og sama dag felldi fulltrúadeild Bandaríkjaþings frumvarp ríkisstjórnar Bush um aðstoð við fjármálakerfið. Nokkrum dögum áður höfðu þó ýmsir íslenskir fjölmiðlar hlaupið á sig og sagt að samkomulag hefði náðst í BNA og að frumvarpið yrði að lögum. Þó átti það þá eftir að taka umtalsverðum breytingum í meðförum þingsins en var engu að síður fellt. Hvers vegna? Lesendur hafa áhyggilega margir viljað heyra skýringarnar.

Þessa viku hefur gripið um sig mikill ótti í samfélaginu vegna skorts á áreiðanlegum upplýsingum sem hafa ýtt undir fall á hlutabréfum og krónu. Mitt í þessum hremmingum, þar sem erfitt er að greina á milli slúðurs og staðreynda, slær *Fréttablaðið* því upp á forsíðu að menn hafi tvisvar í þessari viku heyrt Davíð Oddsson segja að þjóðstjórn hefði líklega aldrei átt betur við en nú. Vegna samhengis forsíðunnar við aðrar fréttir vikunnar mátti draga þá ályktun að seðlabankastjóri væri að boða váleg tíðindi en ekki ræða kosti ólíks stjórnarmynsturs. Í besta falli átti slík frétt heima í slúðurdálkinum.